# Niðurjöfnun útsvara 1908-1910

Aðfnr. 1284 2/2, örk 11

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Mjer þykir leiðinlegt að þurfa að skrifa niðurfjöls umarnefndum umkvörtun yfir aukaútsvari því er mjer nú í ár ætlar mjer að greiða, sem er 60 Krónur, gjörir hann út af því mjer finst útsvars upphæðin fjarstæða eftir þeim tekjum sem jeg hafi af atvinnu og eignum atvinnu tekjur mínar hafa verið árið 1909 að eins 780 Krónur, það sem er af þessu ári hefur verið svo lítið að gjöra að jeg hefi varla unnið fyrir gjöldum þeim sem daglega er verið að heimta, tekjur af húsi mínu gjöra ekki betur en hrökkva fyrir skuldar afborgunum og öðrum gjöldum sem af húsum skal borga, þetta ár lítur út fyrir að verða verra en hið síðast liðna, það má kallast að hallæri sje í öllum iðnaði orsökin er að iðnarmenn eru alt of margir svo enginn hefur neitt til gagns þegar harðnar í ári með viðskipti.

Jeg hefi verið í þessum bæ rúm 30 ár og hefur aldrei í undangengnum árið verið jafnljeleg at vinna sem þessi síðustu ár, nú er jeg orðinn gamall maður á sjötugsaldri mjög heilsu bilaður hef síðan 50 ára legið veikur lángar og slæmar legur sem jeg aldrei næ mjer eftir, og nú eru komnir svo tagum skifti upp gjör menn hjer í bæn sem stunda sömu iðn sem jeg, mjer vendir sópast minir skiftavinir flestir hvorfnir.

Af ofanrituðum ástæðum álít jeg að mjer

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

beri ekki að greiða meira en mest 30 krónur aukaútsvar, nefndin getur sjálf athugað hvort ýmsir sem hafa 30 Kr útsvar ekki munu hafa vissar tekjur um 1500 krónur árlega.

Geti nefndin gefið nýjar upplýsingar um að jeg hafi eignir sem jeg sjálfur veit ekki um skal jeg vera henni þakklátur og ekki mögla yfir aukaútsvari, en óáreiðanlegt er fyrir nefndina að leggja á menn útsvar eftir almannarómi því sá rómur er oft því sannafjarri, jeg hefi í höndunum brjef frá niðurjöfnunarnefndinni í Rkvík frá 1903 þar sem hún kvaðst hafa farið eftir almennings áliti að hækka útsvar mitt.

Jeg álít að menn sem hafa 4 – 10 þúsund krónu fastar tekjur auk annara hlunninda þoli betur að greiða 4 — 10 % af tekjunum í útsvar þar þeir hafa nóg eftir samt til að lifa ríkmannlega, heldur en menn sem hafa tekjur undir 1 þúsund Kr að greiða 2–3 % af tekjum sínum í útsvar.

Nefndin ræður hvað hún gjörir hún getur fengið að sjá bækur mínar ef hún vill.

Reykjavík 14 april 1910

E Þorkelsson úrsmiður

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

109.

Með því að hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd hefur þóknast að leggja 8 kr. aukaútsvar fyrir árið 1910 á mig fallaðan mann, sem get ekki veitt mjer hina minnstu björg eins og hinum heiðruðu mönnum, sem sæti eiga í niðurjöfnunarnefndinni og heima eiga í Vesturbænum, er kunnugt um, vil jeg skýra frekar frá heimilisástæðum okkar. Kona mín, sem er uppgefin að kröptum, lá þunga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

legu í fyrra og hefur ekkert getað unnið síðan úti við eins og Hr. læknir Þ. J. Thoroddsen mun votta ef til þess kemur. En til þess að hjálpa okkur að vejast sveit, komu til okkar tveir synir okkar annar í fyrra vor, en hinn næstliðið vor; sá eldri er nú 18 ára en hinn 17 ára.

Af þessum vinnukrapti tel jeg mjer alls ómögulegt að borga 8 kr. í aukaútsvar hvað feginn sem jeg vildi.

13. april 1910.

Virðingarfyllst
Tómás Guðmundsson

Vesturgötu 35.

Til
niðurjöfnunarnefndar Rvíkur

1910.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

110

Reykjavik 17 Apl 1910

Hjer með beiði eg yðar virðingar fylst að skrifa hinni háttvirtu niðurjöfnunar nefnd Reykjavíkur þess efnis að hún láki svaitar útsvar mín úr 10,00 niður í 6,00 þar eg hef 5 Börn ung hef ekki getað verið til sjós nú í 3 ár sem eg hef hopit stóran skaða á til sönnunar til eg Jón Jensson Hamagerði sem er ómaga laus bergar 10 kr og Jón Guðmundsson í Hausthúsum er bergar 12,00

Virðingarfylst
Guðmundur Guðmundsson
Bræðaborgarstíg 15

Til Niðurjöfnunarnefndarinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

111.

Reykjavík, 13. apríl 1910.

Eftir niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur fyrir árið 1910 hefir mjer verið gjört að greiða 10 króna útsvar eftir efnum og ástæðum. En með því að útsvar þetta, þótt eigi sje um háa upphæð að ræða, í sjálfu sjer all tilfinnanlegt fyrir mig leyfi eg mjer að snúa mjer hjermeð til hinnar háttvirtu niðurjöfnunarnefndar með beiðni um að hún vildi færa útsvarið niður í 4 til 5 kr., því að það er það mesta, sem eg ætla að jeg geti greitt, eins og ástæður mínar eru nú sem stendur.

Eins og kunnugt er atvinnuleysið hjer í bænum talsvert, og ekki er það síst tilfinnanlegt fyrir þá, sem vinna að eða selja muni, sem ekki eru nauðsynjamunir, og á þetta eigi síður við gullsmíðaiðnina en aðrar atvinnugreinar. Eins og hinni háttvirtu nefnd sjálfsagt mun vera kunnugt eru tekjur mínar ekki aðrar en þær, sem Magnús sonur minn aflar mjer af gullsmíðastofu mannsins míns sáluga. En þær tekjur eru ekki meiri en svo, að þær hrökkvi fyrir nauðsynlegustu útgjöldum og mun eg reyna til að gefa þær upplýsingar, sem mjer er hægt að gefa, í þessu efni, ef hin mikilsvirta nefnd álítur þess nokkra þörf.

Virðingarfyllst

Halldóra Henriksdóttir

Þingholtsstræti 5.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

112.

Reykjavík, 15. apríl 1910.

Eptir „efnum og ástandi“ á að leggja aukaútsvör á bæjarbúa, en mjer finst, að ekki sje nægilega tekið tillit til þessara tveggja atriða að því er útsvar mitt snertir. Útsvör manna hafa yfirleitt ekki hækkað hin síðustu árin, og ætti því útsvar mitt að standa nokkuð óhaggað ár frá ári, einsog reyndin líka hefur verið látið, ef „efni“ og „ástæður“ væru hinar sömu. En þetta hefur hvorttveggja breyst; efni mín hafa minkað því jeg hefi orðið að skipta búi mínu, og þessi litlu efni mín eru í arðlausum munum, innanstokksmunum, sem eigi eru álagningarstofn; ástæður mínar hafa líka breyst, því ómegð hjá mjer hefur aukist, og sjerstaklega þetta ár verð jeg að hafa mikinn aukakostnað, þar sem jeg þarf að koma sjúkri dóttur minni á heilsuhæli, jafnskjótt sem það tekur til starfa.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og má búast við því, að hún þurfi að dvelja þar lengi. Mjer finnst þess vegna ósanngjarnt að leggja á mig sama útsvar sem í fyrra. Jeg sje enga ástæðu til að fara að bera mig saman við aðra gjaldendur, þó það væri auðvelt, einungis vil jeg taka það fram, að jeg vona, að háttvirt niðurjöfnunarnefnd viðurkenni það, að það sje ekki sanngjarnt að leggja sama útsvar á mig, sem fyrv. landlækni dr. med. J. Jónassen mjer blandast ekki hugur um, að allir sem til þekkja hljóti að viðurkenna að hann hafi ólíkt meiri gjaldþol en jeg. Mjer finnst mitt útsvar hæfilega sett 250 kr. eins og fyrv. amtmanns Jul. Havsteen er gjört að greiða, og krefst þess, að mitt útsvar verði fært niður um 50 krónur.

Virðingarfyllst
K. Jónsson

Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

113

Reykjavík, 14. apríl 1910.

Háttvirt niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefur lagt á stúlkuna Sigurveigu Illugadóttur 4 króna útsvar. Stúlka þessi er vetrarstúlka hjá mjer, kom til mín í október síðastliðnum; hún fær ekkert kaup, annað en föt, því hún var mjög klæðlítil, þegar hún kom (er uppalin hjá fátækum foreldrum). Þar sem hún hefur ekkert af að borga, krefst jeg þess, að útsvar hennar verði látið falla niður.

Virðingarfyllst
Kl. Jónsson

Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

114.

Mjer undirrituðum er nú samkvæmt niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur, gjört að skyldu að greiða í aukaútsvar 25 - tuttugu og fimm - Krónur en mjer finnst það svo ósanngjarnlega hátt að jeg leyfi mjer hjermeð að fara þess á leit að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur lækki aukaútsvar mitt.

Jeg er maður sem hef í árslaun 700 - sjö hundruð - Krónur og eru það allar tekjur mínar því að þó jeg að nafninu til sje húseigandi þá gjöra tekjur hússins ekki meira en að borga vexti, skyldur og skatta af því og ef til vill lítið eitt í afborgun, ef heppni er með, með skylvíslega greidda húsaleigu en ef húsaleiga ekki er borguð sem opt vill vera, þá er það, sem önnur hús aðeins byrði. Í öðru lagi skal eg leyfa mjer að nefna menn með mikið hærri launum en jeg hef til samanburðar t.d. Hr. deildarstjóra Eggert Snæbjörnsson sem hefur 12 - tólf - hundruð Króna laun um árið en útsvar aðeins 12 - tólf - Krónur. Ennfremur hr. deildarstjóra Árna Sighvatsson sem hefur (eftir því sem eg veit) 1000 - eitt þúsund - Krónu árslaun en 20 - tuttugu - Krónu aukaútsvar og mundi mega finna mörg dæmi þess, ef kunnugleiki væri mjer nógur, að sýna og sanna að útsvar mitt er of hátt sje það miðað við nokkra sannsýni ed við gjaldþol mitt.

Jeg treysti því að hin háttvirta niðurjöfn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

unaðsnefnd Reykjavíkur taki áframan-
ritaða beiðni mína til greina

Reykjavík 14. april 1910

Virðingarfyllst
Gísli Jóhannsson
Skála
við Grundarstíg

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

115.

Af niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur 1910, sje jeg að niðurjöfnunarnefndin hefir gjört mjer að greiða 225,00 krónur í aukaútsvar, sem er sama upphæð og nefndin lagði á mig síðastliðið ár þegar henni þóknaðist að hækka á mjer um 50 krónur frá því árið 1908. Ástæðan til þessarar hækkunar á aukaútsvari mínu það ár, var — eftir því sem fleiri nefndarmenn þá skýrðu mjer frá — byggð á því að búist var við að jeg mundi fá laun mín hækkuð að miklum mun — eða úr 3000 krónum uppí 6000 krónur, og þar sem þessi ástæða var á þeim tíma á nokkrum rökum byggð vildi jeg ekki í það sinn — fremur en áður — fara að ónáða bæjarstjórn sje niðurjöfnunarnefnd með kæru, enda þótt mjer væri ljóst að jeg þá — sem raunar flest undanfarin ár frá því jeg kom til Reykjavíkur — bar tiltölulega talsvert hærra aukaútsvar en fjöldi annara gjaldenda í bænum. — Eins og kunnugt er, varð ekkert úr því að ofangreind launahækkun kæmist til framkvæmda, en þess utan bættist það við, að jeg sökum hins erfiða árferðis í öllum iðnaði og verzlun er að iðnaði lýtur, misti af þeirri stöðu er jeg hafði áður hjá hf. Völundi; og hefi því verið atvinnulaus með öllu það sem af er þessu ári, og ekkert útlit fyrir, að mjer bætist nein atvinna fyrst um sinn.

Hinsvegar hefi jeg orðið fyrir miklu tjóni á síðastliðnu ári, þar sem jeg hefi tapað fje sem nemur fleiri þúsundum króna, og mundi mjer auðvelt að færa full rök fyrir því ef á þyrfti að halda.

Þar sem jeg nú — af framangreindum ástæðum — ekki get unað við aukaútsvar það, er niðurjöfnunarnefndin hefir gjört mjer að greiða, og sem — að því er virðist — hefir verið sett algjörlega af handahófi og án þess, að niðurjöfnunarnefndin hafi gjört sjer nokkra ljósa grein fyrir því, hvort upphæð þessi sje sanngjörn borinn saman við aukaútsvör fjölda annara gjaldenda í bænum, þá verð jeg að krefjast þess, að hin háttvirta ~~bæjarstjórn~~ niðurjöfnunarnefnd færi áðurnefnt aukaútsvar mitt niður í Kr 100 — eitt hundrað krónur.

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg skal þá síðustu leyfa mjer að bera hið margnefnda aukaútsvar mitt saman við ~~nokkra~~ (aukaútsvör) háttvirtra gjaldenda og vænti jeg að sá samanburður rjettlæti fyllilega þessa kvörtun mína.

Til hægðarauka fyrir hina háttvirtu ~~(bæjarstjórn)~~ niðurjöfnunarnefnd skal jeg sem næst, flokka niður ~~eftir~~ stjettum þessa háttvirtu gjaldendur:

I fl. Iðnaðarmenn:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Árnason Erlendur Trjesmiður | á að greiða í aukaútsvar | kr. | 60,oo |
| Benjamínsson Magnús úrsmiður | " | " | 100,oo |
| Bernhöft D. bakari | " | " | 180,oo |
| Eiríksson Eyjólfur tapetserer | " | " | 125,oo |
| Ellingsen O. Skipasm. | " | " | 80,oo |
| Finnson Gísli járnsm. | " | " | 100,oo |
| Guðmundsson Steingrímur trjesm. | " | " | 100,oo |
| Hjaltested Pjetur úrsmiður | " | " | 100,oo |
| Hjartarson Hjörtur trjesm. | " | " | 75,oo |
| Jakobsson Guðmundur —"— | " | " | 100,oo |
| Jónsson Sveinn —"— | " | " | 175,oo |
| Lange J. S. málari | " | " | 70,oo |
| Lárusson Jóhannes trjesm. | " | " | 50,oo |
| Sigurðsson Guðjón úrsm. | " | " | 200,oo |
| Tómasson Þorsteinn járnsm. | " | " | 60,oo |
| Zimsen Knud verkfr. | " | " | 125,oo |
| Þorsteinsson Bjarnhjeðinn tapetserer | " | " | 50,oo |
| —"— Jónatan Laugaveg | " | " | 150,oo |
| Þórðarson Halldór bókbindari | " | " | 110,oo |

II fl. Kaupm. og Verzlunarm. ofl.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Eymundsson Sigfús bóksali | " | " | 200,oo |
| Gíslason G. & Hay kaupm. | " | " | 150,oo |
| Guðmundsson Björn —"— | " | " | 175,oo |
| Hjartarson Jóhannes verzlunarm. | " | " | 100,oo |
| Kristjánsson Sigurður bóksali | " | " | 150,oo |
| Sigfússon Sveinn kaupm. | " | " | 150,oo |
| Torfason Siggeir —"— | " | " | 225,oo |
| Þorgrímsson Kr. O. —"— | " | " | 100,oo |
| Þórarinsson Ben S. " | " | " | 200,oo |
| Þórðarson Jón —"— | " | " | 250,oo |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III. fl. Embættismenn o. fl.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Benediktsson Lárus prestur | á að greiða í aukaútsvar | Kr. | 140,00. |
| Bjarnason Þorleifur H. | " " " | " | 150,00. |
| Briem Eiríkur docent | " " " | | 210,00 |
| — " — Eggert bóndi | " " " | | 200,00. |
| — " — Sigurður póstmeistari | " " " | | 225,00. |
| Daníelsson Halldór yfirdómari | " " " | | 225,00. |
| Einarsson Magnús dýralæknir | " " " | | 120,00. |
| Forberg O. Símastjóri | " " " | | 235,00. |
| Gíslason Oddur yfirrjettarmálaflm. | " " " | | 200,00. |
| Helgason Guðmundur búnaðarfjelagsstj. | " " " | | 125,00. |
| Jakobsson Jón bókavörður | " " " | | 130,00. |
| Jensson Jón yfirdómari | " " " | | 140,00. |
| Kofoed Hansen A. Skógræktarstj. | " " " | | 150,00. |
| Krabbe Thorvald verkfr. | " " " | | 150,00 |
| Olsen Björn M. prófessor | " " " | | 140,00. |
| Pálsson Pálmi kennari | " " " | | 150,00. |
| Thorsteinsson Steingrímur rektor | " " " | | 225,00. |

Þennan framanritaða samanburð læt jeg mjer þá nægja að sinni, en skal þó geta þess að mörg fleiri dæmi mætti telja, svo sem þar sem stórefnuðum gjaldendum er aðeins gjört 8 til 20 króna aukaútsvar og svo framvegis. — Jeg sje heldur ekki ástæðu til — að svo stöddu — að koma nánara inná „efni og ástæður“ framangreindra gjaldenda, en geimi mjer að sjálfsögðu rjett til þess síðar ef á þarf að halda.

Reykjavík 12 April 1910

Virðingarfyllst

Magnús Blöndahl

Til

Niðurjöfnunarnefndar

(~~bæjarstjórnar~~) Reykjavíkurkaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

116.

Við síðustu niðurjöfnun, hefur hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd, komist að þeirri niðurstöðu, að ég skyldi greiða 12 kr. aukaútsvar fyrir yfirstandandi ár; og hefur hún þannig hækkað útsvar mitt um 2 kr. frá því sem það var síðastliðið ár. Tel ég þó litlum efa undirorpið að einhverjum úr niðurjöfnunarnefndinni hafi hlotið að vera kunnugt um að tekjur mínar hafa alls ekki aukist, heldur þvert á móti; hefi ég orðið, eins og niðurjöfnunarnefndinni í heild sinni hlýtur að vera fullkunnugt um, að eyða talsverðum tíma í bæjarins þarfir og hefur sá tímamissir orsakað það, að atvinnuvegur sá, er ég hefi rekið hér í bæ, hefur gengið saman. Sömuleiðis hef ég fyrir fleira fólki að sjá og auk þess varð fyrir eigi alllitlum skaða í haust er var, er ég missti 8 sauði, í hrakningi S/s Flora, er ég ekkert endurgjald hef fengið fyrir. Ennfremur verð ég að telja húseign mína mér til byrði, með því að ég verð að borga yfir 80 kr. í árlegar vextir af 1800 kr. sem standa í Söfnunarsjóði.

En það að ég kæri nú, yfir aukaútsvari mínu, er þó ekki svo mjög vegna þess að ég ekki, þrátt fyrir það, sem að framan er sagt, finni mig færa til að greiða þessar 12 kr., heldur miklu fremur sökum þess misréttis er aukaútsvarsgreiðendur virðast verða fyrir hjá niðurjöfnunarnefndinni; t.d. og um leið til samanburðar skal ég leyfa mér að nefna frú Sigríði Ísleifsdóttur, ekkju Björns sál. Ólafssonar augnlæknis; hana, sem allir vita er stórefnuð og hefur auk þess eftirlaun, sem aðeins á að greiða 10 kr. útsvar; frú Þóru Melsted, ekkju Páls sál. Melsteds, er á að greiða 12 kr. í útsvar og hlýtur þó niðurjöfnunarnefndinni að vera kunnugt um að hún á eign hér í bænum, sem áætlað er 20-25 þúsund króna virði, hefir haft góð laun í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mörg ár og hefur nú eftirlaun.

Samkvæmt framansögðu leyfi eg mér að beiðast þess af hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, að hún færi aukaútsvar mitt niður um 4 kr., frá því sem það er nú, en sjái hún sér það eigi fært, þá að hækkað verði á framannefndum konum uppí 20 – 25 krónur, eftir því sem nefndinni þykir hafa.

Reykjavík 14. d. apríl 1910.

Virðingarfyllst

Guðrún Björnsdóttir.

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

117.

Þar sem jeg sje að jeg stend á niðurjöfnunarskrá Reykjavíkurbæjar, og mjer ber að greiða 20 kr. í aukaútsvar fyrir árið 1910. þá dettur mjer í hug að hugsa að þetta sje af ókunnugleika fyrir hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd bæjarins að hafa lagt á mig þetta gjald, þó jeg hafi dvalið öðru hvoru í Reykjavík þá jeg hef getað haft vinnu, en mitt lögheimili er hjá föður mínum og þar á ofan hefur verið lagt á mig aukaútsvar í Seltjarnarneshrepp einsog meðfylgjandi vottorð sýnir, vil jeg því krefjast þess að hin heiðraða nefnd Reykjavíkur bæjar felli burt nefndar 20 kr, því min skoðun er sú að mjer beri ekki að greiða útsvar í tveimur stöðum, því í Reykjavík hef jeg ekki dvalið sem ársmaður, og treysti því að nefndin taki þetta til greina og felli burt útsvarið

Lambastöðum 14 april 1910

Virðingarfyllst

Pjetur Ingjaldsson

Til

niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur bæjar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirritaður votta, að lagt hefir verið 20 kr. ankvarðsvar á skipstjóra Pétur Ingjaldsson, Lambastöðum, fyrir fardagaárið 1909-'10, og var þetta gjald á hann lagt, sem heimilisfastan lausamann á Lambastöðum í Seltjarnarneshreppi.

Melshúsum 15.-4.-1910.

Jón Jónsson
(oddviti.)

R.P.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

118.

Af skrá þeirri yfir aukaútsvör í Reykjavík fyrir 1910, er framm hefur legið undanfarandi, hefi jeg orðið þess áskynja, að niðurjöfnunarnefndin hefur gjört mjer að greiða Kr 25.00 tuttugu og fimm krónur í aukaútsvar; þar sem jeg nú gjöri ráð fyrir að hinni háttvirtu nefnd hafi ekki verið fullkunnugt um hagi mína, tekjur o.fl. borið saman við nokkra aðra gjaldendur, vil jeg leyfa mjer að skýra það nokkuð frekar.

Eins og hinni háttvirtu nefnd mun sjálfsagt vera kunnugt, hafði jeg umboðssölu á hendi tvö síðastliðin ár, þaraf seinna árið eða frá 1908-1909 aðeins umboðssölu á hinum svonefndu Ast-Ljósum. Umboðssala þessi sem líklega hefði getað gefið nokkuð af sjer í góðum árum, hefur í stað þess bakað mjer stórtjón og kostnað, þareð jeg hefi verið svo óheppinn að eiga viðskipti við mjög óáreiðanlegt verzlunarhús, sem ekki gat uppfyllt skyldur sínar, er til átti að taka. Umleið vil jeg geta þess, að svo tilfinnanlegt tjón hefi jeg beðið útaf þessum viðskiptum mínum, að framúr þeim kemmst jeg ekki, nema með hjálp og aðstoð vandamanna minna og annara góðra manna. Jeg er með öllu eignalaus maður og er þess utan atvinnulaus með öllu og hefi verið nú um lengri tíma. Þessvegna vænti jeg þess, er hin háttvirta nefnd hefur yfirvegað allar ástæður, að útsvar mitt verði fært niður í Kr 6.00 sex krónur.

Til samanburðar skal jeg leyfa mjer að taka eftirfarandi gjaldendur.

| | | |
|---|---|---|
| Þórðarson Guðmundur bókhaldari, sem gjört er að greiða | | Kr 25.00 |
| Antonsson Ari vitav. | — " — — " — | — " — 30.00 |
| Árnason Júlíus verzlm. | — " — — " — | — " — 25.00 |
| Björnsson Haraldur Viggo bankass. | — " — | — " — 20.00 |
| Böðvarsson Guðm. umboðssali | — " — | — " — 25.00 |
| Havsteen Otto J. bókh. | — " — | — " — 25.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nordal Jóhannes íshússtjóri Kr 25.00
Runólfsson Ólafur bókh. — " — 20.00
Sighvatsson Árni verzlunarm. — " — 20.00
Ísleifsdóttir Sigríður ekkjufrú — " — 10.00

Reykjavík 14 apríl 1910.
Virðingarfyllst
Sigfús Blöndahl

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavíkurkaupstað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

119.

Hér með vil eg fara þess á leit við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd að hún lækki útsvar mitt ofaní 8 kr. þar eð eg er eignalaus maður og hef fyrir tveimur ómögum að sjá. Eg hef fengið lán af fátækra sjóði sem eg á ógold-ið. Til samanburðar tek eg ekkjufrú "Önnu Petersen, sem aðeins hefur 4. kr. útsvar, en nýtur fastra eftirlauna.

Grettisgötu 33 B

Einar Sigurðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

120-21.

Heiðraða Niðurjöfnunar-
nefnd. Reykjavíkur

Þar eð ég hefi meðtekið
útsvars Seðil sem gildir
fyrir yfirstandandi ár
og mér er gjört þar
8 kr (átta krónur) útsvar
og Guðmundi (Guðjónsson) syni
mínum sem hjá mér
er kr 18 (átján krónur)
sem gjörir til samans kr 26
Guðmundur hefur verið
Veikur svo hann varð
að vera undir Læknis
hendi í 6 Mánuði. og ég
er orðin 60 ára að aldri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og Gudmundur er svo bagadur að hann getur ekki gengið að allri vinnu. Þá get ég ekki sjeð, að ég geti með nokkru móti borgað þessa upphæð. Vegna minna ervidu kryngum stæða Varð ég fá, í Vetur hjá Bæjarsjóð. lánaðar 80 kr. sem Við höfum lofað að borga að hausti komandi.
Af því sem nú er upptalið getið þjer sjeð hvers ástæður mínar eru því er það bón mín til ydur að þjer færið gjaldið

nyður í kr. 10. tíu krónur

Virðingarfyllst
Reykjavík 15/4. 1910
Guðbjörg Jónsdóttir
Frakkastíg N. 19

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

122.

Af útsvarsskýrslu Reykjavíkurkaupstaðar sje jeg að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd hefur þóknast að leggja á mig útsvar, er greiðast á á yfirstandandi ári.

Í tilefni af þessari niðurjöfnun vil jeg leyfa mjer að gefa nefndinni þær upplýsingar, að jeg bæði í fyrra vetur og nú í vetur hefi stundað nám á stýrimannaskólanum hjer í bænum; hefur arðurinn af vinnu minni gengið til að kosta þetta nám. Vil jeg því skjóta því til hinnar háttvirtu nefndar, hvort hún álíti eigi rjettmætt, að jeg sje laus við allt útsvar, sem aðrir nemendur við menntastofnanir bæjarins. Vænti jeg þess að hin háttvirta nefnd taki þessa kæru mína til greina og geri mjer aðvart um.

Reykjavík 16. april 1910

Guðjón Á. G. Waage
Spítalastíg nr. 10.

Til

forstöðumanns niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík
Bakkast. 9

Hr. kennar. Pálma Pálmason!

Með því að ég hef verið að kenna á sjómannaskólann í vetur og á hér ekki heima, álít ég að mér beri ekki að borga útsvar hér. Þetta bið ég yður að taka til greina.

Virðingarfyllst
Þorgrímur Sveinsson

BRJEFSP
(CARTE PO

ISLAND 1 EYR. ISLAND 1 EYR. ISLAND 1 EYR.

Hr. kennari Pálmi Pálmason
við lærðaskólann
Reykjavík

123

Útg: Brauns Verzlun „HAMBURG" Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur


Vestmannaeyíar.

124

Reykjavík 16. April 1910

Jeg undirskrifaður leyfi mjer hjermeð að fara fram á, að hin heiðraða niðurjöfnunar-nefnd færi niður aukaútsvar mitt, sem hefur verið hækkað um 10 krónur þrátt fyrir þótt kjör mín hafi ekkert batnað, laun hin sömu o. s frv.
Þess skal getið að árskaup mitt er 1300,00. og engar aðrar tekjur. Til samanburðar skal jeg leyfa mjer að benda á verzlunarstjóra Þorstein Sigurgeirsson, sem ber að borga sama gjald og jeg, en sem jeg hygg að muni hafa minnst 1800 - 2000 kr í kaup, sömuleiðis cand pharm Winther sem mun hafa í kaup að minnsta kosti Kr. 1500.- ennfremur landsfjeh. Claessen.

Fleiri mætti tilnefna en vona að þetta nægi til þess nefndin sjái sjer fært að lækka útsvarið

Virðingarfyllst

Hans Hoffmann

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

125.

Reykjavík 26 marz 1910

Þar eð aukaútsvar mitt, hefur verið fært upp um Kr. 9.00, þá finn jeg ástæðu til, að skýra hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd frá, að jeg skil eigi hvað getur valdið þessari hækkun, þar, sem að jeg eigi veit annað en að laun mín verði hin sömu í ár, eins og að undanförnu.
Jeg álít að útsvar mitt, sje að mun of hátt með tilliti til margra annara, og vil jeg hjer aðeins nefna, lyfsalasvein Kristinn Jónsson og Valdem. Hansen Hafn. 17.
Jeg leyfi mjer því, að fara þess á leyt við hina heiðruðu niðurj. nefnd að útsvar mitt verði fært niður, þannig, að það eigi verði hærra en áður.
Annars álít jeg, að mjer beri, eigi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hans útsvar, en þeim, er jeg hefi
hjer tekið til samanburðar.

Virðingarfyllst
Waldem. Nordfjörð

Mjer hefir láðst að geta þess, að
tekjur mínar eru Kr. 1.000.⁰⁰
og að jeg hygg að Kr. Jónsson muni
hafa Kr. 1400.⁰⁰ og Valdem Hansen
Kr 1,200.⁰⁰

Waldem. Nordfjörð

Til
niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

126.

Jeg sje, á niðurjöfnunarskránni í ár, að jeg; þrátt fyrir umkvörtun, og þar af leiðandi niðurfærslu á útsvari mínu í fyrra; nú í ár ~~á~~ á að greiða 60 kr. í aukaútsvar - tíu kr. meir en í fyrra. Mjer kemur þessi hækkun nokkuð ókunnuglega fyrir; því er þó, á flestum er jeg þekki ekki hefur verið um hækkun að ræða, og eigi er mjer kunnugt að jeg eigi von á meiri tekjunum en jeg hefi haft hingað til, - ef eigi minni; en - sje svo, að hin heiðraða nefnd, hafi á einhvern hátt hugað sjer að hækka tekjur mínar, - væri eigi nema sjálfsagt að jeg þá yrði fyrir hækkun á útsvarinu!

Þegar jeg lít á skrána og sje, að t.d. Ludvig Lárusson verzlm. Hans Hoffmann, Claessen fjehirðir, greiða í útsvar 30-40 kr., menn sem hafa 15-1800 kr. í fast laun; og svo Sigurð Guðnason afgreiðslum. og Sven H. Steen, með 60 króna útsvar, og frá 1800 ~~til~~ yfir 2000 kr. árs laun; þá gét jeg ekki betur sjeð ~~en~~ að jeg eftir því eigi alls eigi að greiða meir en 30-40 krónur. Enda er sægur af gjaldendum — skipstjórar — er hafa frá 14-1800 kr. í tekjur (yfir 6-7 mán.) og greiða frá 20-40 kr. t.d. Guðm. Guðnason skipstj.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

greidir 20 Kr. af minst 16–1800 Kr. tekjum

Jeg gæti bent á mörg fleyri dæmi, sem ljóslega sýna, hve þessi nidurjöfnun gagnvart mjer, er röng; en jeg álít ad þetta sje nægjanlegt, og ad hin heidrada nefnd taki þessa umkvörtun til greina, og færi gjald mitt nidur í sanngjarna upphæd.

Reykjavík 15 April 1910
Virdingarfyllst
Jón Eyvindsson

Til nidurjöfnunarnefndarinnar
í
Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

127.

Hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, hefur í síðastl. Martsmán. þóknast að leggja á mig aukaútsvar Kr. 16,00.- sextán krónur.-
Það er því auðsætt, að niðurjöfnunarnefndinni hefur verið mjög ókunnugt um veru mína hjer, og í hvaða stöðu jeg veri, og að líkindum ekki aflað sjer neinna upplýsinga í því efni.
Jeg vil því með fám orðum gefa niðurjöfnunarnefndinni rjettar upplýsingar um þetta, vænti þess að hún þá, sannfærist um, að mjer sje ranglega gjört útsvar hjer
Sannleikurinn er sá, að jeg er vinnumaður hjá föður mínum á Syðri-Völlum í Kirkjuhvammshreppi í Húnavatnssýslu og eins og meðfylgjandi vottorð ber með sjer, hefur verið lagt á mig aukaútsvar í Kirkjuhvammshreppi; Það sýnist því varla geta átt sjer stað, að mjer beri að greiða útsvar hjer.
Að vísu kom jeg hingað til bæjarins, í síðastl. september og hafði þá atvinnu sem svaraði mánaðartíma, en síðan hef jeg verið atvinnulaus að þessum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hina, er því auðsætt að þessi vetur hefur ekki verið arðvænlegur hvorki fyrir mig nje föður minn.
Krafa mín til hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar verður því hjer með sú, að hún felli aukaútsvar mitt alveg burtu sem jeg tel víst að henni verði ljúft að gjöra, eptir að hafa fengið í hendur þessar upplýsingar frá mjer.

p. t. Reykjavík 16. April 1910.
Virðingarfyllst
Björn Gunnlaugsson
frá Syðri Völlum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Vottorð.

Með því að hreppsnefndinni í Kirkjuhvammshreppi var fullkunnugt um lögheimili Björns Gunnlaugssonar á Syðri Völlum lagði hún óhikað aukaútsvar á hann í nefndum hreppi á síðastliðnu hausti.

Þetta vottast hjermeð samkvæmt beiðni.

p. t. Reykjavík 16 apríl 1910

Sigurbjarni Jóhannsson
hreppsnefndarmaður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

128.

Ég leyfi mér að fara þess á leit við hátt-
virta niðurjöfnunarnefnd, að hún láti niður falla
það 4 kr. útsvar sem mér hefir verið gert að greiða
í bæjarsjóð á þessu ári.

Í fyrra var einnig lagt á mig 4 kr. útsvar, en ég
vissi ekki af því fyrri en ofseint var orðið að
bera sig upp undan því. Þá var ég ekki í venju-
legri vist og fékk að eiga frí frá heimilisstörfunum
nokkurn hluta dagsins, til þess að geta í þeim
tímanum lært dálítið að sauma. Kaup fékk ég því
ekki fyrir nema hálfu kaupi og varð að fá til láns
krónurnar í útsvarið. Því árinu á undan hafði
ég ekki heldur þénað annað kaup en fæði og
föt. Ég er því með öllu eignalaus, þegar frá
eru talin fötin, sem ég geng í. Þetta árið
fæ ég að vísu venjulegt vinnukonukaup, en
ég á blásnauða móður, sem okkur, börnum
hennar, langar til að veita stoð og til þess
vildi ég styðja, ef ég kynni að eiga fáeinar
krónur afgangs af kaupi mínu frá því sem
ég þarf til fata. Ég hygg að ef háttvirt
niðurjöfnunarnefnd hefði þekt ástæður mínar
eins og þær eru, þá mundi hún ekki hafa
lagt á mig neitt útsvar, því ég gæti nefnt
nöfn ýmsra manna hér í bæ, sem sleppi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefi verið við útsvarsgreiðslu og ein þó dálítið stærri fyrir henni en ég.

Þar sem ég fer ekki fram á niðurfærslu útsvarsins – ég sé að lægra útsvar en 4 kr. er ekki á skránni – heldur að það falli alveg niður, þá þykir mér ekki þörf að bera mig saman við neina sérstakan eða neina sérstaka. Ella mundi ég bera mig saman við þær vinnukonur, sem hafa sama útsvar, en hafa verið alllengi í þeirri stöðu að þær hafa unnið sér fyrir kaupi, sem er meira en fyrir nauðsynlegustu þörfum, að ég ekki tali um efnaðar konur, sem hafa útsvar ekki stórum meira en mitt.

Reykjavík Laufásvegi 44 10. apríl 1920

Virðingarfyllst
Guðfinna Gunnlaugsdóttir

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

129.

Jeg undirrituð ekkjufrú Anna Breiðfjörð leyfi mjer hjermeð að kæra yfir útsvari því, að upphæð 40 Kr., sem hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hefur lagt á mig. Jeg hef enga verzlun og enga aðra atvinnu. Leiga af húsi mínu gengur öll til greiðslu vaxta og afborgana af veðskuldunum, er á því hvíla og nægir jafnvel ekki til þess, svo allar aðrar tekjur mínar verða að ganga til þess líka, nema það litla, sem jeg þarf til að lifa af, og nýt jeg þó hlunninda ýmissa hjá Guðm. lækni Hannessyni.

Til samanburðar skal jeg leyfa mjer að benda á að frú Steinunn Thorarensen hefur aðeins 25 Kr. útsvar, og mun hún þó hafa talsverðar tekjur, svo og á það að jafna umfangs-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mikið fyrirtæki og „Hotel Ísland"
í aleinu að borga 30 kr.
Jeg leyfi mjer því að fara
þess á leit að útsvar mitt
verði fært niður að miklum
mun.

Reykjavík 16. april 1910

Virðingarfyllst
Anna Breiðfjörð

Til
niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

130. Síðastliðið ár voru lagðar á mig 50 kr
í aukaútsvar, en með því að það náði engri
sanngirni, sendi jeg niðurjöfnunarnefndinni
kvörtun um það og skrifaði henni frá ástæðum
mínum, sem hún tók strax til greina
og lækkaði útsvarið niður í 25 kr. og hefur
nefndin nú, líklega óafvitandi, hækkað útsvar-
ritt um helming. Jeg skrifaði nefndinni í fyrra
frá því, að allar eigur mínar væru veðsettar
og eru þar það sem (innan hússmunir). Þetta
getur nefndin sjeð í veðmála bókum bæjar-
-ins. Jeg er nú búinn að verzla í rúmt ½ ár,
en viðskiptin eru enn ekki orðin svo mikil
að verzlunin beri sig, hún hefur ekki gjört
betur en borga húsaleigu, mannahald og
annan kostnað, en sjálfur hef jeg ekkert kaup
haft, nema sepl. fyrir fæði. Þetta getur nefnd
in fengið að sjá í bókum verzlunarinnar.
Jeg skal leyfa mjer að benda á, að það sýnist
lítil sanngirni í að leggja jafnt útsvar á
mína verzlun, sem er búin að standa aðeins
í nokkra mánuði og sem er rekin af skað
lega veikum kröftum og aðra samskonar
verzlun, sem er búin að standa í 4-5 ár
(Smjörhúsið), á föstum og miklum viðskift-
-um og sem er rekið með nógu fje af manni,
sem hefur um 60 slíkar verzlanir í Danmörku,
fær sá maður línu ólíkt betra verð, sem kaupir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

inn fyrir tvær verslanir en jeg, sem kaupi fyrir eina. Síðan jeg byrjaði mína verslun hefur Smjörhúsið á sama tíma flutt inn minna en tvöfalt við mig af vörum, þetta getur nefndin sjeð á verslunarskýrslunum.
Að öðru leyti vísa jeg til ræðu minnar í fyrra, hvað ástæður mínar snertir. Annars hefur nefndin auðvitað enga ástæðu til að tvöfalda útsvar mitt nú, við það sem það var þá, enda er það víst eins og jeg hef áður tekið fram, óviljandi gjört.
Það eru því tilmæli mín til niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík að hún lækki útsvar mitt þetta ár niður í 20 krónur, en jafnframt skal jeg leyfa mjer að benda nefndinni á að mjer finnst sanngjarnt að hún hækki aukaútsvarið á Smjörhúsinu í Hafnarstræti upp í 90 krónur.

Virðingarfyllst
Hjörtur A. Fjeldsted

Rv. 18/4 1910.

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

131

Ég undirskrifuð Ingibjörg Guðmundsdóttir leyfi mér hér með að gjöra umkvörtun um bæjargjald það, sem lagt hefir verið á mig í ár.

Á útsvarsseðlinum er ég skrifuð vinnukona (vk.), en það er rangt, því ég bý hér í skjóli sonar míns Guðmundar Þorbjörnssonar steinsmiðs.

Ég skal og láta þess getið, að ég varð fyrir slysi (meiðsli og ígerð í handlegg) í fyrra vetur, sem kostaði mig mikla læknishjálp. Hef ég mjög lítið getað unnið síðan.

Af greindum ástæðum, vona ég að háttvirt niðurjöfnunarnefnd láti útsvar mitt falla niður.-

Virðingarfyllst
Reykjavík. Grettisg. 20, 15/4. 1910.

Ingibjörg Guðmundsdóttir

Gefi eftir [illegible]

Til niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Seðilinn á við samræfundi v[illegible] kom
í sama húsi (hjá Þórhildi Pálsd.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 914

~~Herra~~ Guðmundsdóttir Ingibjörg
vk Grett 20

| | Kr. | Aur. |
|---|---|---|
| á að greiða í bæjarsjóð árið 1910: | | |
| 1. **Aukaútsvar** . . . . . . . . . | 4 | — |
| 2. **Gjald af bygðri lóð** . . . . . | | |
| 3. — — **óbygðri lóð** . . . . | | |
| 4. **Lausafjártíund** . . . . . . . | | |
| 5. **Fasteignartíund** . . . . . . | | |
| *Samtals* | 4 | — |

Afgreiðslustofan á Laugaveg 11 opin 11—3 og 5—7.

**Fyrri helmingur gjaldsins greiðist 1. apr. þ. á. en síðari helmingurinn 1. október þ. á.**

Sé gjaldið eigi greitt á réttum gjalddaga, verður það tekið lögtaki á kostnað gjaldanda samkvæmt lögum 16. desember 1885.

*Reykjavík, 15. marz 1910.*

B. Jónsson

*Bæjargjaldkeri.*

*Borgað:*

*Borgað:*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gutenberg 1910.

L. E. Sveinbjörnsson

Jón Magnússon

Jón Jónsson.

Konráð Stefá



Laugaveg

Laugav. 27.

44 45

Laugaveg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

132.

Af niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur 1910 má sjá, að útsvar mitt sett á er 16 krónur. Eg verð að álíta, að útsvar þetta sé ofhátt eftir efnum mínum og ástæðum, en sérstaklega þó, þegar það er borið saman við útsvar annara manna, sem eg tek mér til samanburðar. Nefni eg til þess samanburðar húsmann Halldór Guðmundsson Lindargötu 9A og Þóri Guðmundsson Lindargötu 9B. Halldór er mjög laglega efnaður maður með konu og 1 drengbarn komið yfir fermingu, og vinnur hann fyrir sér. Hefir Halldór því engan ómaga, en útsvar hans er 12 kr. Þóri hefir fyrir engum að sjá nema sér og konunni, og er útsvar hans 16 kr. Eg aftur á móti hef konu og 2 kornbörn fram að færa, og er konan auðvitað ómagi yfir börnunum; en svo er ekki um konur hinna, sem báðir eru ómagalausir. Eg er þar að auki fátækur og eignalaus maður, sem verð að framfleyta ómögum mínum með dagl. vinnu, en vinnan hefir verið fram til þess lítil og stopul. Eg leyfi mér því, að fara þess á leit, að útsvar mitt sé fært niður um 6 krónur, þannig að það verði 10 kr. Meiri mismunur getur varla verið á mér og þessum 2 ómagalausu mönnum. Þetta leyfi eg mér virðingarfyllst að bera fram fyrir hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd.

Reykjavík 15. Apr. 1910

Ingimundur Einarsson Lindargötu 9A.

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

133.

Út af því að hinni háttvirtu niðurjöfnunar nefnd Reykjavíkur hefur þóknast að leggja á mig auka útsvar að upphæð 30 kr. finnst mér skylt að tjá niðurjöfnunarnefndinni að jeg álít útsvars álagningu þessa ~~röng~~ stafa af ókunnugleik á kringumstæðum mínum, sem henni ætíð þarf að vera ljóst þegar um útsvars niðurjöfnun er að ræða. Jeg vil því í fáum atriðum skýra nefndinni frá ástæðum mínum; og afstöðu til útsvars greiðslu hjer í Reykjavíkurbæ, þetta ár; og eru þær sem hjer segir

1. að jeg borga auka útsvar til Seltjarnarnes-hrepps 65 kr. sem er eðlileg afleiðing þess, að það sem jeg hef til lífs framfærslu, er framleitt á „Vatnsenda“ þar sem jeg starfa að öllu leiti, þó jeg af vissum ástæðum verði að dvelja hjer c 4 mánuði ársins. þetta ár.

2 að nú í þessum mánuði flyt jeg alfarinn hjeðan úr bænum á jörð mína „Vatnsenda“ og dvel þar sem bóndi áfram.

Jeg leifi mjer því af framangreindum ástæðum, að treysta hinni háttvirtu niðurjöfnunar nefnd að hún felli burtu útsvar mitt að öllu, þar sem jeg hygg mig hafa nægilega kröfu til þess að vera útsvars frí til bæjarins

Reykjavík 15 april 1910

Virðingarfyllst

Sveinn Jónsson Vatnsenda

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

134

Með því að hin háttvirta Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefur lagt á mig í aukaútsvar 55 kr. fyrir yfirstandandi ár, án þess að kynna sjer á hvaða ástæðum hún byggði hækkun á útsvari mínu árlega, þá þykist jeg vita að slík upphækkun stafi beint af ókunnugleik nefndarinnar á gjaldþoli minu og tekjum sem jeg hef árlega, og vil eg tjá hinni háttvirtu Niðurjöfnunarnefnd ástæður mínar í samanburði við aðra borgara þessa bæjar sem hafa líkar tekjur en minna aukaútsvar, og leifi eg mjer að gefa nefndinni þær upplýsingar sem mjer fynnst vera grundvöllur undir útsvarsálagningu, og skal eg skýra það rjettast frá sem hverjum einstökum nefndarinnar er unt að ganga úr skugga um, að frásögn mín sje hárrjett, og er hún svo: —

1. tekjur mínar eru árlega, laun mín um árið Kr 800,00
2. tekjur af fasteignum samkv. skattaskrá — 200,00

Samtals Kr 1000,00

Af þessum tekjum á jeg að borga 55 kr í aukaútsvar og auk þess tekjuskatt af ⅕ af þeim, sem jeg held þó að sumir af nefndarmönnunum viti að er skyldugjald. En svo vil jeg spyrja nefndina er jafnt að jeg borgi 55 kr í útsvar af 1000 kr í árstekjur en Sigurður Sigurðsson ráðanautur og alþm. með 50 kr Guðmundur Gissurarson eldri fiskimatsmaður með 25 — Hannes Blöndal bankaskrifari með 1800 kr föstlaun 25 kr í útsvar Jón Jakobsson skjalavörður með föstlaun 3000 kr og á auk þess eignir sem hann hefur að líkindum tekjur af engu síður en aðrir, hann hefur 130 krónur í útsvar. eru þetta rjett hlutföll?

Svo get eg bent nefndinni á það að ótrúlegt er að Hlutafjelagið Hótel Ísland geti ekki borið nema 50 kr í hlutfalli við þá borgara sem að eins geta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~geta~~ náð 1000 kr. tekjum yfir árið, aukatekjur veit eg ekki til jeg hafi neinar, en ~~hinsvegar~~ var heilsulaust barn sem kostar mig meiri peninga árlega en jeg hygði að skýra hjer frá.

Jeg efa ekki að nefndin vilji ekki gera sem rjettast í nýtur jöfnun auka útsvarsa, en þá finst mjer hún líka geta sjeð hversu ástæðulaust og ósanngjarnt það er að jafna ekki betur niður á menn eptir rjettu gjaldþoli sem eru tekjur og ástæður manna, sem jeg hef hjer tilgreint, og treysti jeg enn fremur nefndinni til að sjá það að útsvar mitt má ekki fara yfir 35 kr eigi það ekki að koma í bága við jafnrjetti manna sem eiga að greiða slík gjöld sem þessi.

Jeg finn því ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta mál, veit að nefndin er skipuð svo sanngjörnum mönnum og rjettsýnum, að með framan greindum upplýsingum hjálpi hún að sjá, fyllstu sanngirni mæla með því, að í samanburði við meðborgara mína, þá sje ekki rjettmætt að eg borgi meir en 35 krónur í aukaútsvar í ár.

Virðingarfyllst

Reykjavík 15 april 1910

Gísli Björnsson
Grettisgötu 8.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

135.

Jeg sje af niðurjöfnunarskránni fyrir árið 1910, að mjer er gjört að borga 50 krónur í aukaútsvar fyrir þetta ár. En með því að mjer er það ljóst að þessi gjaldsupphæð er of há í samanburði við flesta aðra gjaldendur eptir niðurjöfnunarskránni, og ennfremur af því, að mjer þykir hún of há eptir efnum mínum og ástæðum, þá leyfi jeg mjer að klaga aukaútsvar mitt fyrir hinni háttvirtu bæjarstjórn Reykjavíkur og vænta þess, að hún, eptir að hún hefur sjeð ástæður mínar fyrir kærunni, lækki aukaútsvar mitt eptir því sem henni þykir sanngjarnast og rjettast vera.

Um efnahagsástæður mínar skal jeg gefa þessa skýrslu sem er svo rjett, sem jeg frekast get gefið:
Ágóði minn af verzlun minni, nam frá 1500 til 1600 krónum á síðastliðnu ári. Jeg hef nú 6 börn, öll í ómagaaldri, og þar að auki legg jeg með móður minni 25 til 30 krónur á ári. Ennfremur hef jeg orðið fyrir töluverðum útgjöldum á síðastliðnu ári og þessu ári, vegna heilsubrests í sjálfum mjer og veikinda, og síðar láts eins af börnum mínum. Jeg veit að þessi útgjöld nema að minnsta kosti 200 krónum.

Jeg vil ennfremur benda á nokkra menn, sem eru gjörð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

at gjalda tiltölulega lægra aukaútsvar en nýir, en sem
eru betri skilyrðum búnir, eptir því sem jeg þekki efnahag
þeirra, til að gjalda jafnmikið eða meira en jeg í aukaút-
svar.

Þessir menn eru:

1. Ástráður Hannesson afgreiðslumaður, Smiðjustíg 13.
Hann hefur 15 kr. í útsvar, en á skuldlitlar fasteignir
og mun hafa eins mikil árslaun og jeg.

2. Ekkjufrú Sigrún Ísleifsdóttir, Tjarnargötu 8, Hún hefur
10 kr. í útsvar, en er að allra vitund skörungur og
hefur litla ómegð.

3. Daniel Jensen bakari, Hverfisgötu 15. Hann hefur 40 kr.
í útsvar, en er óvanalega vel efnaður maður; hefur verzlun
og engan ómaga.

4. Claessen V. landsfjehirðir. Hann hefur 40 kr. í útsvar
en yfir 2000 kr. laun, og þess utan ómagalaus maður.

5. Björn Þorkelsson, snikkari, Austurstræti 6.

6. Jón Þorvaldsson Cand. phil. Austurstræti 1.

7. Þorkell Þorláksson Gjaldkeri

8. Sigurgeir Einarsson verzlunarmaður Hverfisgötu 2.

9. Lárus G. Lúðvígsson skósmiður

Auk framangreindra manna mætti benda á
marga fleiri, sem jeg í bæjarfjelagi vit á að gjalda

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ofhátt aukaútsvar.

Sem af framansögðu virðist, jeg að þurfa eigi að færa frekari ástæður fyrir því, að aukaútsvar mitt sje ofhátt, og að það megi nægja til þess að hinni heiðruðu bæjarstjórn virðist þessar ástæður og sanngjarnar til að lækka aukaútsvar mitt að einhverju leyti, og kalla mig ásamt fylgiskjölum mínum á fund svo jeg geti umbeðinn, ásamt þeim, skírt frá efnum og ástæðum.

Virðingarfyllst

Reykjavík, 16. apríl 1910.
Gísli Helgason
Hverfisgötu 33.

Lagt á verzlunina „Kaupangur"
og hann sjálfan

Til
bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

136.

Af niðurjöfnunarskrá Reykjavíkurkaupstaðar sé ég að mér er gert að greiða í aukaútsvar 16,00 krónur þetta yfirstandandi ár. En þar eð ég álít þetta gjald alt of hátt leyfi ég mér að fara þess á leit við yður að þetta útsvar mitt verði lækkað niður í 4.- krónur.

Ástæður fyrir beiðninni eru þessar helstar:

Heilsu minni er þannig háttað, að annar handleggur minn brotnaði fyrir mörgum árum og hafa brotin ekki gróið saman, þrátt fyrir þrautreynda viðleitni helstu lækna bæjarins. Telja þeir fullséð að ég fái aldrei bætur á því meini. Ég hefi ekki haft fyr né síðar annað af að taka en handafla minn og hann hefir verið æðið rýr, síðan þetta slys henti mig. Ég hefi reynt að vinna ýmiskonar erfiðisvinnu þegar ég hefi getað fengið hana, en hvergi orðið fyllilega hluttakandi í við áfatlaða menn, af ofangreindri ástæðu. Hefir því barist mjög í bökkum að ég gæti dregið fram lífið styrklaust af annara fé, og þykist ég gera mitt ítrasta ef ég greiði í aukaútsvar 4,- krónur og það reyni ég til þess að forðast í lengstu lög réttindamissi.

Ég hefi verið heimilisfastur í bænum í 15 ár og jafnan greitt útsvar meira eða minna, - síðastliðið ár 14 krónur.

Virðingarfylst.

Vitastíg 7. í Reykjavík 7. apríl 1910

Eggert Brandsson.

Til

formanns niðurjöfnunarnefndarinnar

í Reykjavíkurkaupstað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég neyddist til að bera útsvar mitt fyrir 1910 350 kr. mér virðist það óhæfilega hátt í samanburði við útsvör ýmsra annara manna í bænum.

Háttv. niðurjöfnunarnefnd hefur fengið upplýst, að nettotekjur mínar voru árið 1909 kr. 5338.00. Það ár var mér einnig mjög kostnaðarsamt sakir sjúkleika konu minnar, þar sem eg varð að borga yfir 900 kr. fyrir holskurð og sjúkrahúslegu hennar.

Nefndin þarf ekkert að vefengja skýrslu mína um nettolaun mín, því að henni á að geta skilist það, að talsverðar ábyrgðir hljóta að koma á gjaldkera landsbankans, þar sem hann hefur venjulega um 250 afgreiðslur á dag, og skal nefndinni bent á til samanburðar, að Landmandsbanken í Khöfn færði til útgjalda ábyrgðir (Kassadifferencer) 1907 Kr. 3467.92, 1908 kr. 5032.21 og 1909 Kr. 7379.20, eins og reikningar þess banka sýna. Þar er þó gjaldkerastörfum skift milli 6 deilda, og eg er svo kunnugur störfum gjaldkeranna þar, að eg þori að fullyrða, að enginn þeirra hefur eins margar daglegar afgreiðslur sem gjaldkeri landsbankans.

Að öðru leyti skal eg og benda á, að Bankastjóri Sighv. Bjarnason, sem einnig er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjört 350 kr. útsvar 1910, hefur enga peningaábyrgð en hafði í laun 1909 7650 kr. auk þess sem hann er umboðsmaður þess brunabótafélags, sem langmestar brunabótatekjur hefur hér á landi.

Bankastjóri Björn Kristjánsson hefur og 6000 kr. laun (enga peningaábyrgð) og engan skylduómaga. En honum gerir nefndin einnig 350 kr. útsvar.

Af framangreindum ástæðum krefst eg þess, að útsvar mitt verði lækkað um 50 kr. niður í 300 kr.

Þess skal getið, að útsvar mitt 1909 var einnig sett óhæfilega hátt, nl. 350 kr., en eg gat ekki kært því sökum burtveru minnar úr bænum á þeim tíma, sem kærufresturinn stóð yfir.

Virðingarfyllst
Halldór Jónsson

Rvík 13/4 10.

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

138

Hérmeð leyfi ég mér að fara þess á leit við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar að hún færi niður aukaútsvar mitt fyrir þetta ár úr 16 krónum sem það er ákveðið í niðurjöfnunarskránni niður í 4 krónur.
Heimilisástæðum mínum er þannig varið að ég á 3 börn ung en kona mín heilsulaus. Hefir hún legið rúmföst í 3 misseri og liggur enn með litilli von um bata.
Atvinna mín er sjómenska og daglaunavinna í landi þess á milli þegar hana er að fá; en hana hefi ég ekki getað fengið í vetur. Ég á því afar erfitt uppdráttar og vonast til að niðurjöfnunarnefndin áliti þessa kröfu mína réttmæta og fullnægi henni.

Virðingarfylst.

Hverfisgötu 46 í Reykjavík 7. apríl 1910

Guðmundur Helgason

Til

formanns niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

139.

Þegar eg áður en eg las Niðurjöfn-
unarskrána heyrði eg að mjer væri gert
að gjalda 8 krónu aukaútsvar en trúði
því valla. En þegar útsvarsseðillin kom
til min sá eg að mjer hafði verið sagt
Eins og satt var, því er mjer mjög óljóst
á hvað nefndin hefur lagt þettað gjald
Eg veit að jafnaldrar minir sem eru
hjá foreldrum sinum Eins og eg hafa
mikið minna gjald og sumir Ekkjert þó
þeir sjeu hjá Efnaðri foreldrum en eg
faðir minn er fátækur maður þó er
útsvar hans auðsjáanlega fullþungt
Eins fyrir því þó þettað sje lagt á mig
Jeg vinn hjá foreldrum minum og hef
Ekkjert fastákveðið kaup utan föt og fæði
og þar fyrir þykir mjer þettað mitt
gjald Ekki geta náð nokkurri samsvörun

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og Leyfi mjer því að fara þess á
Leyt að þetta gjald mætti að minsta
kosti verða lækkað ef ekki ~~t. afe~~
alveg falla niður sem mörgum sinist
vera sannsýnilegast eftir ástæðum

Virðingarfyllst

Vatnsstig 9 – 16 April 1910

Arnbjörn Gunnlaugsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

140.

Miðstræti 8b Reykjavík 16 April 1910

Háttvirta niðurjöfnunarnefnd

Jeg vil virðingarfyllst leifa mjer að vekja athygli yðar á, hve ósanngjarnlega hátt sveitarútsvar mjer hefur verið lagt í samanburði við aðra. og vil jeg sjerstaklega tilnefna Guðmund Gunnlaugsson Hverfisgötu 5 vinnur hann í Gutenberg einsog jeg og hefur Kr 23,00 um vikuna en jeg aðeins Kr. 16,00 um vikuna, hann er einhleypur en jeg með konu og ungt barn. en þetta hlýtur nefndinni að vera ókunnugt. annars gæti ekki verið að jeg væri beittur svona ranglæti. jeg gæti hæglega bent á mörg dæmi sem sanna að útsvar mitt er mikið of hátt í samanburði við aðra og krefst jeg því að útsvar mitt verði fært niður í Kr 12,00

Virðingarfyllst

Ólafur Bjarnason
Miðstræti 8.B.

Til Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

141.

Reykjavík 14 April 1910

Hjer með skrifa jeg hennar háttvirtu Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hjer ofan að biðja hana um að sleppa mjer við útsvar það er nefndin gjörir mjer að borga þar eg finn ekki að jeg geti með neinu móti borgað útsvar ~~jeg er~~ jeg er sjálf heilsu litil og gömul dóttir min er heilsulitil mjög og svo er eind drengur 27 ár sem er ekki fær um neina sverð vinnu jeg vona til að nefndin taki þessar línur minar til greina jeg hef ekki getað borgað útsvar það er nefndin lagði á mig í þessa

Virðingarfylst
Margrjet Björnsdóttir Bráttugötu 5
Til Niðurjöfnunarnefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

142.

Á útsvarsskrá Reykjavíkurbæjar fyrir árið 1910, sje jeg, að mjer er gjört að skyldu, að greiða í aukaútsvar 20 krónur. Næstliðið ár var mjer gjörðar 16 krónur og þótti mjer það árið mikið, þó jeg þegði; nú sje jeg naumast fært, að sýna enga tilraun að kvarta yfir þessu útsvari, sem mjer er gjört að skyldu að greiða, þar sem jeg hefi næstliðið ár verið stórlega fatlaður frá vinnu. Jeg var handlama í 18 vikur og mikið af árinu með sár á handleggnum, sem stórum bagaði mig; þar að auki átti jeg gamlan föður, blásnauðan og heilsulausan, sem jeg taldi skyldu mína í að styrkja eptir því sem efni mín leyfðu. Þetta alls gjörði stóra rýrnun á efnahag mínum, og sumt af þessum ástæðum mínum hafa sumir í niður-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jöfnunarnefndinni vitað.
Einnig gæti jeg ef til vill nefnt menn, sem hafa líkt útsvar og jeg, en sem eru ólíkt betur að efnum komnir, svo sem Magnús frá Hnausum 20 krónur og Guðm. Símonarson gullsmiður, sem á aukannars stórt og nýtt hús.
Af þessum ástæðum vonast jeg til, að hinni heiðruðu nefnd þóknist að finnast í alla staði sanngjarnt, að lækka útsvar mitt í það minnsta um 4 krónur og leyfi jeg mjer að krefjast þess, því þessi skírsla mín er í alla staði sönn.

Með virðingu
Reykjavík 16. april 1910
Sveinn Guðmundsson
járnsmiður.

Til Niðurjöfnunarnefndarinnar. Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

143

Reykjavík, 16. apr. 1910

Til
niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

Útsvar það sem heiðruð niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefur gert mjer að greiða í bæjarsjóð þetta árið, er svo ósanngjarnt, hvernig sem á það er litið, að jeg verð að krefjast þess að það verði lækkað að miklum mun.

Mjer er algerlega óskiljanlegt, hvað komið hefur heiðraði niðurjöfnunarnefnd til þess að ætla mjer þrefalt meira útsvar nú en í fyrra, eða 60 kr. í stað 20, þar sem atvinna mín vitanlega er alveg óbreytt. Jeg skil ekki heldur, hvers vegna mjer er ætlað að greiða nærri því tvöfalt útsvar á við mann eins og t. d. cand. mag. Böðvar Kristjánsson, er hafði jafnt útsvar og jeg í fyrra og stundar sömu atvinnu. Því

unnið fyrir fjórða hluta styrksins, hvað þá heldur meira. En það er engu líkara en heiðruð niðurjöfnunarnefnd hafi gert ráð fyrir styrknum óskertum og samt sömu atvinnu af kenslu og jeg hef haft undanfarið, eða hver veit hvað! Ættu allir að sjá hvílík fjarstæða það er.

Jeg hef aðeins borið mig saman við Böðvar Kristjánsson, af því að jeg tel útsvar hans eigi fjarri sanni, og hann hefur haft sömu atvinnu og jeg og því líkar tekjur. Hafi hann starfað minna en jeg, þá er það af því að engin nauðsyn hefur knúið hann til þess að leggja eins mikið á sig og jeg hef orðið að gera (betri heimilisástæður, minni skuldir). – Vel mætti líka spyrja, hvaða sanngirni það er að jeg eigi að greiða 10 kr. hærra útsvar en mag. art. Ágúst Bjarnason, sem vitanlega hefur fasta atvinnu og að minsta kosti 2300–2500 kr. í árstekjur. Svona mætti lengi telja, en jeg býst við að þetta nægi til þess að færa heiðr. niðurjöfnunarnefnd heim sanninn um rjettmæti kröfu minnar.

Virðingarfyllst
Jón Ófeigsson, cand. mag.
Bergstaðastr. 9 A.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ad varla má ætla heiðraði niðurjöfnun-
arnefnd þá ósamgirni, að leggja meira
á mig fyrir þá sök, að jeg hef fyrir
móður minni að sjá og systur að miklu
leyti, en minna á Böðvar af því að
hann er alveg einhleypur.

Sú ein breyting hefur orðið á högum
mínum, að síðasta Alþingi samþykkti
fjárveitingu til mín, alt að 1000 kr. hvort
árið til þess að semja þýska orðabók;
en sú breyting er fremur í orði en á borði;
og mundi jeg ekki minnast á það atriði
hjer, ef jeg gæti hugsað mjer nokkra
aðra ástæðu til þessarar ráðstöfunar,
og þó er harla ótrúlegt að heiðruð niður-
jöfnunarnefnd hafi farið eftir fjárveit-
ingunni, án þess að gæta að, hvaða skil-
yrðum hún er bundin. Það eru skil-
yrðin, sem gera fjárveitingu þessa lítils
eða einskis virði: það er þá fyrst að
telja, að styrkurinn er bundinn við arkar-
borgun, og fæst því ekki greiddur nema unn-
ið sje fyrir honum. Í öðru lagi er borgun-
in svo lág (alt að 50 kr. fyrir hverja
örk prentaða eða sem því svarar!), að jeg
hef ekki enn sjeð mjer fært að sinna
þessu boði, hef ekki tekið út einn
eyri af styrknum enn sem komið er.

Jeg mun ekki eiga neitt við styrkinn, að
minsta kosti meðan jeg hef nokkuð annað
að gera, og munu þeir sem eitthvert vit
hafa á orðabókargerð varla telja það undur.
Jeg býst þannig við að hr. adjunkt Pálmi Pálsson,
er átti tal við mig um styrkinn nokkru áður
en gerðir niðurjöfnunarnefndarinnar urðu kunnar,
minnist þess að hann þá taldi styrkinn
slíkum ókostum bundinn, að ekki mætti taka
neitt tillit til hans við niðurjöfnunina.

Fari svo að mig bresti atvinnu, þá er ekki óhugs-
andi að jeg eigi eitthvað við orðabókina þann tímann
sem annað betra býðst ekki (svo sem 2-3 mánuði
hvort árið) og mundi jeg á þeim tíma naumast geta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

144.

Reykjavík 16 apríl 1910.

Hér með leyfi eg undirritaður mér, að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, að hún færi niður aukaútsvar Jóns Tómassonar tómthúsmanns við Njálsgötu 43ª hér í bænum, fyrir árið 1910. af þeim ástæðum er nú skal greina.

1. Jón Tómasson er og hefir altaf verið mjög fátækur maður, sem hefir með naumindum komist hjá því að leita sveita styrks.!

2. Atvinna hans hefir altaf verið æðlítil, og fulla fimm mánuði af árinu hefir hann verið algerlega atvinnulaus hin síðustu þrjú árin. Ekki hefir hann heldur fengið svo mikið sem eitt dagsverk við þá vinnu, sem bærinn hefir veitt nú undanfarið. Árstekjur hans hafa því ekki farið fram úr fjögurhundruð krónum

3. Sonur hans er að læra trésmíði og verður hann að leggja honum alt til sem hann þarfnast fyrir tuttugu og fimm krónur á mánuði, og sú upphæð er ekki einu sinni fyrir fæði, eins og allir geta séð.

4. Kona hans er komin á sjötugsaldur og orðin biluð á heilsu; sjálfur er hann um sextugt. Þau eru því bæði komin á fallanda fót, sem kallað er, og virðist full ástæða til að taka tillit til þess.

Eg vona að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd sjái af þessu, að það er ekki sanngjarnt að leggja á hann 25 króna aukaútsvar, þegar hún hefir athugað alla málavöxtu.

Þegar þess er líka gætt að nú hefir verið svenju fremur hart í ári undanfarið og litlar líkur til að það muni batna í bráð; öll gjöld aukast samt sem áður, og ný gjöld bætast við t. d.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kirkjugjöldin samkv. nýju lögunum um þau, vatns-
skattur o. fl. Allt þetta styður að því, að það
verði ómögulegt fyrir fátæka tómthúsmenn að
lifa hér af eigin ramleik, og neyðist því til að
leita styrks af sveit.

Eg treysti því að hin háttv. niðurjöfnunarnefnd
vilji ekki eiga neinn þátt í því, vísvitandi að knýja
menn til þess óyndisúrræðis, og muni hún því
taka sanngjarnar umkvartanir til greina.

Í því trausti sendi eg þetta bréf.

Virðingarfyllst.

Sigurjón Jónsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar
í
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

145.

Reykjavík, 16. apríl 1910

Hin virðul. niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefir þóknast að leggja á mig 30 kr. aukaútsvar, „eftir efnum og ástæðum", fyrir árið 1910. – Aukaútsvar mitt árið 1909 var 25 kr. og hefir því verið hækkað um 5 kr. á árinu, og er það án þess að tekjur (kaup) mínar hafi hækkað að nokkru leyti, eða að mér hafi hlotnast arfur eða nokkur efnaauki á árinu;

Þegar þessa er gætt, og jafnframt hins, að margir menn, sem ég þekki, og ekki hafa aukist tekjur, hafa staðið í stað á útsvars-skránni og á ég þar sérstakl. við suma af stéttarbræðrum mínum, (prenturunum), sem hafa sama kaup og ég; á einum þeirra hefir t. d. verið lækkað, enda þótt hann sé að flestra dómi, sem til þekkja dável efnaður; (Aðalbjörn Stef.) ~~og~~ einn er annar, mjög vel efnalega staddur, (Guðm. Gamal.) sem hefir sama kaup og ég, og hann stendur í stað, með því nær helmingi minna útsvar en það er á mig hefir lagt verið. – Óski hin virðul. niðurjöfnunarnefnd, að ég nefni dæmi þessu til sönnunar, mun ég fúslega verða við því.

Af framansögðu leyfi ég mér að fara þess á leit við hina virðul. niðurjöfnunarnefnd, að hún lækki útsvar mitt fyrir árið 1910 – um 10 kr., eða niður í 20 kr. (úr 30), og vona ég, að hún sjái, að þessi krafa mín sé í alla staði réttmæt og sanngjörn.

Með mikilli virðingu

Jón Baldvinsson,
prentari

Laugaveg 11.

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur
árið 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

146.

Reykjavík, Miðstræti 4. 16. apríl 1910

Háttvirta niðurjöfnunarnefnd.

Ég hélt það mundi ekki koma fyrir mig nú á gamals-aldri, að ég færi að kæra yfir aukaútsvari mínu, en nú finn ég þó ástæðu til þess, það sem það virðist vera lagt á mig af mjög lítilli sanngirni og afar miklum ókunnugleika um efnahag minn.

En fyrst er að minnast á það, að hin háttv. nefnd leggur 4 krónur á vinnukonu, sem hjá mér á að vera. En ég hef enga vinnukonu, því mér er að vísu bróðurdóttir mín, Ólafía Guðmundsdóttir frá Hörgsholti; og hefir hún verið hjá okkur hjónunum síðan við misstum dóttur okkar fyrir nokkrum árum, en hún hefir að eins verið hér á veturnar, en verið heima hjá foreldrum sínum á sumrin. Í haust kom hún ekki fyrri en eftir veturnætur og er nú á saumastofu að læra og er þetta fyrsti vetur hennar þar og verður hún að borga þar með sér ~~með~~ mánaðarlega. Þetta er hinni háttvirtu nefnd eflaust ókunnugt, og vona ég þegar hún fær upplýsingar um þetta, að hún sleppi Ólafíu við aukaútsvar.

En hvað mig snertir skil ég ekki hvernig nefndin getur hækkað á mér um 9 kr.; ég hefi áður borgað 16 krónur, en nú er það hækkað í 25.00, en hef sömu tekjur og áður, en sem nefndin áætlar líklega 1000 kr. eða þar yfir því mér er ætlað að borga sama og Félagsbókbandið, sama og bóksali Guðm. Gamalíelsson, helming á við Hótel Ísland og meira en helming á við J. V. v. d. Claessen gjaldkera, 5 krónum meira en Magnús Vigfússon dyravörður, Sveinn Jón Einarsson steinsmiður og margir fleiri. — —

Ég hefi verið hér í bænum full 30 ár en aldrei haft þá atvinnu, er veitt hefir þær tekjur er ég skammlaust gæti lifað af. Vanalega náð 6–700 krónum allt og allt. Og til að geta staðið í skilum í fyrra neyddist ég til að selja mikið af bókum mínum til að geta borgað rentur með. Ég skil því ekki með hvaða jöfnuði nefndin hefir fundið ástæðu til að hækka útsvar mitt í ár.

Virðingarfyllst
Jónas Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

147

Í aukaútsvar hefir hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd í Reykjavík þóknast að gjöra mjer að gjalda Kr. 30.00. Þetta hlítur að vera alt of hátt í samanburði við marga aðra, þar sem jeg, eins og líka kunnugt er, er alveg eignalaus maður og á auk þess mjög heilsuveika konu og tvö börn. Jeg fæ ekki skilið að mjer beri að borga meira en í mesta lagi 8-10 kr., og vona jeg að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd sjái að þetta sje á rökum bygt, ef hún vildi afla sjer upplýsinga um efni mín og ástæður. —

Reykjavík, 12. apríl 1910

Jafet Sigurdsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem býr hér við hliðina á mjer
(Lindargötu 36) honum eru lagðar
16 krónur en mjer 25.

Virðingarfyllst

Einar Runólfsson
trésmiður
Lindargötu 34 Reykjavík

16. apr. 1910

148

Háttvirt niðurjöfnunarnefnd
Reykjavíkur.

Jeg finn mig knúðan til að bera
mig upp undan útsvari því
sem mjer er ætlað að borga á
þessu ári það eru 25 kr.
Að vísu hefi jeg greitt það
möglunarlaust undanfarin ár.
En atvinna og ýmsar kring-
umstæður eru breytingum und-
irorpnar. Það að mjer hefir ver-
ið sett svo hátt útsvar undanfarin
ár — borið saman við fjölda af
stjettar bræðrum mínum — býst
jeg við að stafi af því að hinni háttv.
niðurj.nefnd hafi verið kunnugt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um að jeg hafði þá lengi stöð-
uga vinnu. Jeg vann í Völundi
frá því verksm. tók til starfa
þar til síðastl. sumar þá var jeg
þar ekki nema sumarmánuðina segir
með annan fótinn þá þvarr
vinna þar sem annarstaðar og
hafði ekki aðra vinnu frá
þeim mánuðum sumri hafði þó
Völundi vinnu fram undir jól.
En síðan hefi jeg verið atvinnulaus
þangað til snemma í þessum
mánuði en hefi þó ekki vissa
vinnu til langframa.
Jeg verð að ala önn fyrir konu
og tveim börnum auk þess
að konan mín hefir legið

rúmföst síðan um miðjan
febrúar lengst af undir lækn-
ishendi og nú að síðustu á
sjúkrahúsi og verður þar
að líkindum nokkuð enn.
Eftir að jeg hefi þannig lýst
ástæðum mínum þá vænti
jeg þess að hin háttvirta
niðurjöfnunarnefnd
verði við þeim tilmælum
mínum að lækka útsvar
mitt og það að mun.
Bent gæti jeg á ýmsa stéttar-
bræður mína er að mínu áliti
hafa ekki verri ástæður en jeg
að mínu áliti en bera hærra útsvar
jeg nefni að eins Jón Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

149.

Hér með leyfi ég mér að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, að hún lækki að mun útsvar mitt fyrir yfir-standandi ár. Það er fjarri allri sanngirni að leggja svo hátt útsvar á mig eins og gert hefir verið nú, (150 kr.), þegar litið er á efnahag minn og hann borinn saman við efnahag ýmsra bæjarbúa, sem hafa að mun lægra útsvar. Að líkindum eru fá dæmi hjá niðurjöfnunarnefndinni, þar sem ósanngirnin kemst á jafnhátt stig. Í fyrsta lagi er ég mjög skuldugur frá námsárum vegna þess, að ég varð að kosta nám mitt nálega að öllu leyti sjálfur án hjálpar frá öðrum og átti ekkert til er ég byrjaði námið; t.d. fékk ég einar 300 kr. til hjálpar frá öðrum allan háskóla-tíma minn að „Garðstyrk" undanteknum. Í öðru lagi skal það tekið fram, að fasta stöðu hefi ég ekki fengið fyr en á síðast liðnu hausti og hana mjög lítilfjörlega (stjórnarráðs-stöðu mína, 1500 kr. laun). Bankaráðslaun mín við Íslandsbanka eru engin föst laun, aðeins um stundarsakir og þau árl. aðeins 1000 kr. ákveðið og þar að auki óvissar „procentur" eða tantième. Fyrsta árið sem ég hefi þessi lítilfjörlegu laun er 150 kr. útsvar lagt á mig og er ~~það~~ óhugsandi annað, en að niðurjöfnunarnefndin hafi lagt þetta útsvar á mig algerlega í hugsunarleysi, sérstaklega þegar þess er gætt að stórefnaðir menn þessa bæjar hafa minna útsvar en ég, sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þó ætti að hafa margfalt meira útsvar ef nokkur snefill af sanngirni er látinn ráða; meðal þessara manna, er hafa minna útsvar en ég vil ég ~~nefna~~ nefna t.d. Lárus Benediktsson past. emer., Björn Olsen próf., Jón Jensson yfirdómari. Jón Jakobsson landsbókavörður, Knud Ziemsen, Morten Hansen skólastj. Einar Arnórsson lagaskólakennari, Halldór Þórðarson bókbindari, Friðrik Jónsson kaupm., Guðm. Olsen kaupm. Kristján Þorgrímsson konsúll, Steingrímur Guðmundsson snikkari og loks Vilhjálmur Bjarnarson bóndi Rauðará o. m. fl. — Það er óhæfa hin mesta og rangsleitni að ég skuli eiga að greiða hærra útsvar en allir þessir. — Loks skal ég taka það fram að ósanngirni í meira lagi virtist það vera, að Pálmi Pálsson kennari skuli ekki hafa hærra útsvar en ég, maður sem hefur verið í góðu embætti um 20 ár og hefur ekki fleiri fyrir að sjá en ég. — Ég treysti niðurjöfnunarnefndinni til þess að lækka útsvar mitt að minnsta kosti um helming eða niður í 75 kr. Vonast ég til þess að niðurjöfnunarnefndin taki þetta til greina, ef hún vill inna starf sitt af hendi með nokkurri sanngirni. — Reykjavík 16. apríl 1910.

Ari Jónsson

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

150

Háttvirta niðurjöfnunar Stjórn

Samkvæmt aukaútsvare mína finst mjer skilt að tjá ikkur ástæður mínar því sem þið gjörið mér 4 krónu aukaútsvar og ég heilsu tæp og eignalaus ekke hef nema mínar hendur að vinna og hef tvö börn firer að vinna og er ónó að uppfilla mínar skildur gagnvart þeim finst mer þettað því mjög ósanngjörn krafa og treisti ikkur til að leyfæra það því þá skuld verður mer ómögulegt að greiða

Njálsgötu 17/4/10
53

Virðingarfilst

Olafsdóttir Ragnheiður
lk.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

151.

Samkvæmt útsvarsseðli sem jeg hefi í höndum er stúlkunni Kristjönu Kristjánsdóttur, sem hjá mjer dvelur í vetur, gjört að skyldu að borga 4 kr. og er þar kölluð lausakona, en hún er ráðin hjá mjer í vetur og á heima vestur í Mýrasýslu, og þessvegna engin lausakona hjer. Getur þessvegna ekki borgað hjer útsvar.

Reykjavík, Þingholtsstræti 11, 16. april 1910

[illegible]

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

152

Jeg sé að niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur ætlar mér að borga 4. kr í aukaútsvar þetta ár - og tel eg víst að það stafi af ókunnugleik nefndarinnar.

Eins og nefndin líklega veit hef eg ekkert við að styðjast nema vinnu dóttur minnar því sjálf er eg heilsulaus, en hún vinnur á verkstæði Edinborgar hjer, en hefur ekki ákveðið mánaðar kaup, heldur tiltekið gjald fyrir flík sem hún saumar (stikkavinna). Nú hefur verið svo lítið þar að gjöra í vetur og er enn, að mánaðar kaup hennar hefir verið síðan 1. Oktober s.l. um 24. kr. að meðaltali á mánuði. Af þessu getur nefndin séð að erfitt muni okkur veitast að framm fleyta okkur báðum af þessum tekjum, en því síður að við séum aflögufærar

Jeg verð því að mælast til af niðurjöfnunarnefndinni að hún felli burtu þetta útsvar mitt með því að jeg treysti mér ekki til að mæta þessu gjaldi.

Virðingarfyllst

Reykjavík 16/4 1918

Pálína S Pálsdóttir húsk.

Bræðraborgarstíg 19

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

153.

Da jeg antager at det maa bero paa en misforstaaelse at jeg en fatig enke paa 54 aar, som har et barn at forsörge, er ilegnet en skat paa Kr. 4.–; saa tillader jeg mig at henstille höfligst til den ærede ligningscommission at faa skatten nedsat.

Rv. 16/4 1910

Ragnhildur Gestdóttir ek.

Hæiaptelunefied

Styrimannastig 10

Til

Reykjaviks ligningscommission

herstede.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

154.

Með því að niðurjöfnunarnefndin hefur lagt á mig 6,00 Kr. útsvar til bæjarsjóðs þá leyfi jeg mjer að tjá hinni heiðruðu nefnd að jeg get als ekki greitt þetta gjald.

Heimilisástæðum mínum er þannig varið að jeg hef als ekki aflögu fært, jeg á 2 ára barni mínu fyrir að sjá og er sjálf auk þess ekki góð til heilsunnar. Jeg vil af framangreindu beiðast þess að útsvar þetta verði felt í burtu.

Rvík 17 april 1910
Ek. Margrjet Jónsdóttir
(Laugaveg 60.)

Til
hinnar niðurjöfnunarnefndar
Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

155.

Þareð hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps hefur lagt á mig 8 krónu útsvar þetta ár, af þeirri ástæðu að eg hefi haft alla mína atvinnu út í Viðey og hefi ennþá, þá vil eg hérmeð leyfa mér að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur að aukaútsvar mitt fyrir yfirstandandi ár verði fært úr 14 krónum niður í 7 krónur

Þess skal ennfremur getið að eg er maður gamall orðinn, nær sextugur, og lasburða til vinnu og hefi fyrir ellihrumri konu minni að sjá, svo eg vona fastlega að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd verði svo réttsýn að lækka útsvar mitt, svo sem hér að ofan segir. —

Virðingarfyllst

Reykjavík 30. Marts 1910

Sig Sigurðsson

Njálsgötu 54

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

156.

Jeg undirrituð hefi fengið að vita, að mjer beri að borga 6 krónur í aukaútsvar.
En þar sem jeg er alveg efnalaus og þrotin heilsu og kröftum og á engan mann að, þá treysti jeg mjer ekki til að greiða neitt útsvar.
Jeg er kölluð saumakona á útsvarsskránni, en fæst alls ekkert við þá iðn — basla fyrir mjer með ýmsu móti.
Jeg vonast því til svo góðs af nefndinni að jeg verði leyst frá þessu gjaldi.

Virðingarfylst.

Rv. 17/4 1910.

Margrjet Þorleifsdóttir
Lindargötu 9 A

Til niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

157.

Reykjavík 17 April 1910

Út af aukaútsvari því kr 4,00 sem á mig hefur verið lagt, vil ég benda hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd á, að ég er hér ekki beinlínis sem hjú í vetur þó ég hafi verið skrifuð það á listanum, heldur til námsº. og mun því ekki borga téðar kr 4.00.

Virðingarfyllst.

Jóhanna Kristjánsdóttir.

Bjargarstíg.

Til

Niðurjöfnunarnefndar

Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

158.

Guðlaug Árnadóttir á Ívarsseli
hjer í bæ, getur ekki gegnt
vinnukonu-störfum eða annari
erfiðri vinnu eða striti.

Rvk 16/1 23

MEinarsson
læknir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

159.

Reykjavík 16 April 1910

Herra Borgarstjóri!

Jeg leyfi mjer virðingarfyllst að kæra yfir útsvar-inu mínu, sem í síðustu niðurjöfnunarskrá hefur verið fært upp í 200 kr úr 100 kr síðast.

Laun mín eru nú 4000 kr og jeg vinn mjer stundum inn 2-300 að auki, en jeg hef þungt heimili. Til ~~Laura~~ dóttur minnar, sem nú er fjórða árið sitt í Höfn, hef jeg sent þá frá því í sept síðastl. rúmum 950 kr. Jeg varð kgl. embættismaður fyrir nokkrum mánuðum, ~~og at~~ þrátt fyrir að hafa staðið 30 ár í landsins þjónustu, og má nú tryggja ekkju minni eftir minn dag. Jeg veit ekki enn hvað það kostar, en veit að það muni verða nálægt 600 kr. á ári, ef því svo semst er byrjað. Börnin mín Einar Guðrún og Emilía vinna sjer inn peninga, en jeg tek aldrei neina peninga af þeim, þó þau sjeu hjer í hús-inu, og hafi ~~fæð~~ fæði og húsnæði hjá mjer. Af peningatekj-unum greiða þau öll hvert fyrir sig til bæjarins, og jeg byggi því að, mjer sje óhætt að telja þeirra tekjur fyrir utan útsvarið, sem á mig er lagt.

Eggert Briem skrifstofustjóri hefur 4250 kr tekjur með endurskoðuninni í Landsbankanum, hvað hann kann að hafa þess utan veit jeg ekki. Hann hefur 2 börn að sjá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir, og hef sjö. Hann hefur verið settur í 200 kr útsvar og ég á án efa að borga hærra en hann. Jón Jensson assessor hefur 4000 kr tekjur, og hefur haft þær síðan löngu fyrir aldamótin. Hann hefur 4 börn, og er látinn svara 140 kr í útsvar, og ætti efalaust að hafa hærra útsvar en hann hefur vegna þess að aukaútsvarinu á að jafna niður eftir efnum og ástæðum, en ekki eftir getþótta.

Ég leyfi mér þessvegna að fara fram á að útsvarið mitt verði lækkað niður fyrir 140 kr, og bið herra borgarstjórann að koma þessari beiðni á framfæri.

Virðingarfyllst

Indr. Einarsson

P.S. Launin mín eru 3500 kr embættið endurskoðun í Ísl. banka 500 kr — 200–300 kr eru fyrir landshagsskýrslur.

Indr. Einarsson

160.

Ég undirrituð leyfi mér hér með að láta í ljósi óánægju yfir síðustu niðurjöfnun Reykjavíkurbæjar, að því er snertir útsvar mitt. – Í fyrra var mér gert að skyldu að greiða 4 kr. og álít ég að það hafi verið hóflegt, samanborið við suma aðra, þótt fátæklingum eins og mér sé alt erfitt. En mér er alveg óskiljanlegt hvað nefndin hefur stuðst við þegar hún færir mitt útsvarið upp í 8 kr. – helmingshækkun, því í tímabilinu hafa mér ekki bætst neinn efni, og eigur mínar eru engar aðrar en örfátt af allra nauðsynlegustu húsmunum auk fárra fata.
Ég leyfi mér því að mælast til þess að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurbæjar færi útsvar mitt úr 8 kr. niður í 4 kr.

Virðingarfyllst

Legg á með litlu til sonar hennar, sem er hjá henni

Rvík, Laugaveg 72 14/4 – 20

María Ámundadóttir

Til
niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurbæjar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

161

Þegar eg fyrir nokkrum tíma komst að því að eg kvu vera skráður á Niðurjöfnunarskrána og gjört að borga 16 krónur, aukaútsvar hjer í Reykjavík datt mjer strags í hug að sú nefnd hefði álitið mig hjer staðfastan Heyimilismann og þar með stundað hjer atvinnu. að sönnu var eg hjer þegar Manntalið var tekið og það mun vera það eina sem nefndin hefur um mig vitað. En samleikurinn var sá að eg var hjer um tíma Einkanlega til heylsubótar En átti heymili í Hafnarfyrði og það ljet eg skrifa í athugasemdar dálkin á manntalslistann. því Heymili mitt er og hefur leingi verið í Hafnarfyrði Eins og Herra Borgarstjórin veit síðan hann var þar Syslumaður. og þar er mjer gert að gjalda þar í Bæjarsjóð eins og eg hefi gjört að undanförnu auðvitað fullt gjald þó eg dveldi hjer um tíma. Eg tilkynnti Syslumanni það strags að eg væri þar Heyimilismaður þó eg væri hjer staddur sem eg var Einkanlega til heylsubótar eg stundaði hjer aungva atvinnu svo Ekki var hægt að hafa það fyrir augunum, Eftir þessu svona löguðu vil eg virðingar= ~~fyllst~~ fyllst biðja Herra Borgarstjóran að færa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þad til umtali á Bæjarstjórnarfundi hvort
þad sje rjett ad eg skuli gjalda hjer fult gjald
og þad hátt í afaníalag vid fullt gjald á minu
rjetta Heymilisplássi, og eg ðska ad fá svar svo
fljótt sem hentugleyka leyfa

Virdingarfyllst

Grund í Hafnarfyrdi 12 April 1910
Helgi Fr Bjarnason skósmidur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

162-3.

Reykjavík.

Eg undirritadur leyfi mjer med brjefi þessu ad kæra útsvar þad sem mjer hefur verid gjört hjer í Reykjavík fyrir yfirstandandi ár. Þad eru 16 krónur sem mjer er gjört ad skildu ad greida og er þad meira en nokkru hófi gegnir þegar þad er borid saman vid útsvör annara sem lifa vid miklu betri kjör en jeg og hafa þó lægra gjald til Bæjarsjóds.

Nidurjöfnunarnefndinni hlítur þad ad vera fullkunnugt ad eg er eignalaus madur og hefi ómaga, atvinna mín er mjög stopul og ónóg. Þad er eingöngu þegar Thorefjelagsskipin eru hjer ad losa og frakta vörur sem eg hefi atvinnu en endranær hefi eg sjaldan getad komid mjer ad vinnu þótt eg hafi reynt til þess.
Árid sem leid hefur atvinna mín ekki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

farið framúr 400 krónum, og er það ekki til að leggja hjá skatta á þana, það hlýtur hver sanngjarn maður að sjá að slíkt er ekki einusinni fullnægjandi og vantar mikið til til þess að geta borgað húsaleigu og fæða þrjár manneskjur og klæða. Stúlka sú sem hjá mjer er og sem nefndin hefur lagt á 4 krónur er sem hinni háttvirtu nefnd mætti vera kunnugt orðin gömul og mjög farin að heilsu og liggur oft rúmföst og mundi hvergi, ef öðruvísi á stæði, geta unnið fyrir sjer. heldur þarfnast styrktar. en af því að hjer stendur svo sjerstaklega á, að við höfum baslað svo lengi saman, þá ~~[illegible]~~ kunnum við ekki við að skilja, á meðan jeg hefi nokkur ráð til þess að geta bjargað mjer og henni hjálparlaust.

Að mjer skuli vera gjört að skildu að greiða jafnhátt útsvar og hr. spítalastjóra Hermanni Jónassyni, sem er ómagalaus og hátt launaður, er bæði mjer og flestum sem til þekkja óskiljanlegt. Það mætti koma með mörg fleiri dæmi þessu lík um óheppileg niðurjöfnunarákvæði nefndarinnar, en jeg læt mjer nægja þetta að sinni, þareð jeg treysti því að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd taki þessa kæru mína til greina og færi niður útsvar mitt að minsta kosti um helming. Þessi 4 króna útsvarsskaþa á Guðrúnu krefst jeg að verði felld í burtu, því það er í alla staði ranglátt og gengur hneyksli næst að reyna að pína gamlar, ~~[illegible]~~ eignalausar og heilsubilaðar ~~[illegible]~~ manneskjur til þess að greiða, til opinberra þarfa þarsem svo margir, sem góðar ástæður hafa, eru látnir sleppa með hlægilega lítið útsvar.

Virðingarfylst

Spítalastíg No 10 16. apríl 1910

Hans Á Jóhannesson
húsm.

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

164

Vegna þess, að mér finnst útsvar mitt (í ár) til bæjarsjóðs Reykjavíkur of hátt í samanburði við gjaldþol mitt nú, þá leyfi ég mér að mælast til að hinni háttvirtu bæjarstjórn Rvíkur mætti þóknast að kalla mig fyrir, á fund, til þess að mér gefist þar kostur á að bera fram ástæður mínar.

Virðingarfyllst.

Rvík 16/4. '10.

Jón Halldórsson

Njálsgötu 50.

Til

bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

165.

Vid nidurjöfnun bæjargjalda Reykjavíkur eptir efnum og ástædum fyrir árid 1910 er mjer, Þórunni Stephensen, gjört ad greida 4 kr. til bæjarsjóds eins og ad undanförnu, en aptur á móti er útsvar mitt, Mörtu Stephensen, fært upp úr 4 kr. í 8 kr.

Med því ad sá munur, sem þannig er gjördur á okkur systrunum, ad því er til útsvarsins kemur, hlýtur ad vera bygdur á einhverjum misskilningi, þar sem allar eigur okkar eru sameiginlegar, og hvorug okkar hefur neina sjerstaka atvinnu eda tekjugrein, leyfum vid okkur virdingarfyllst ad fara þess á leit vid hina háttvirtu nidurjöfnunarnefnd, ad þessi ójöfnudur verdi leidrjettur, þannig ad vid, eins og undanfarin ár, greidum 4 kr. hvor í útsvar til bæjarsjóds.

Reykjavík 17. april 1910.

virdingarfyllst

Þórunn og Marta Stephensen

Til

Nidurjöfnunarnefndar Reykjavíkur kaupstadar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur